

Fjallabyggð  
Hafey Björg Pétursdóttir  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður

Reykjavík, 23. júní 2022  
UST202206-229/B.S.  
10.05.00

### **Efni: Varnargarður við Héðinsfjarðarvatn. Umsögn**

Vísað er til erindis Fjallabyggðar dags. 22. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða framkvæmd á vegum Landgræðslunnar sem felst í því að verja bakka í fjöruborði við Héðinsfjarðarvatn með því að reka niður tréstauro um einn metra niður í fjöruborðið. Fyrir liggur umsögn Fiskistofu þar sem bent er á að framkvæmdin fari ekki fram í vatninu sjálfu og því sé ekki þörf á aðkomu Hafrannsóknarstofnunar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina að öðru leyti en því að ef farið verður um gróið land með tæki til niðurrekstrar verði raksi haldið í lámarki um öll ummerki lagfærð ef einhver verða að framkvæmd lokinni.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*